goldið, og að haldið verði eptir af launum beiðandans frá 1. júlí þ. á. 40 kr. á mánuði til lúkningar ársvöxtum, 4 af hundraði, og upp í höfuðstólinn. **53** 24. febr.

Út af þessu skal það þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn leyfir, að hið umbeðna lán verði veitt hjeraðslækni Zeuthen úr viðlagasjóði landsins, með þeim skilyrðum, er þjer tiltakið, þannig, að byrjað verði fyrsta dag næsta mánaðar, eptir að lánið er fengið honum, að halda eptir 40 kr. á mánuði; og eruð þjer beðnir að senda þóknanlega vísbendingu um þetta.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* peningabreytinguna. — Eptir að fjárhagsstjórn ríkisins hafði verið sent þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi frá 27. október f. á., hefir ráðgjafinn fengið vísbendingu frá nefndri stjórn um, að hún sje fyrir það sem frá sje skýrt í brjefi yðar, fús á að veita viðtöku í aðalfjárhirzlu ríkisins hinum eldri peningum þeim, er getur um í tilsk. frá 17. marz f. á., er sendir yrðu hingað úr jarðabókarsjóði Íslands eigi síðar en með síðustu ferð póstgufuskipsins frá Íslandi á þessu ári, í skiptum fyrir nýja peninga. **54** 26. febr.

Þetta lætur ráðgjafinn eigi undan falla að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* flutning á vörum, er bruna- eða átuhætta er að. — Eptir að því hafði verið skotið til innanríkisstjórnarinnar, út af beiðni frá Bentzon lyfsala, hvort henni virtist eigi tilefni til að láta búa til í póstgufuskipunum Arktúrus og Diönu hólf svo vaxin, sem haft er í skilyrði í 11. gr. í augl. dómsmálastjórnar 28. júní 1875[1] til þess að senda megi með skipum þessum efni, sem átu- og brunahætta er að, hefir innanríkisstjórnin skýrt frá, að það þyki ótiltækilegt að búa til sjerstök hólf í skipum þessum til áminnztra nota. **55** 27. febr.

Þetta hefir ráðgjafinn ekki viljað láta undan falla að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hinum íslenzku lyfsölum.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* leigumálann að brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu. — Það er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að lagt hefir verið samþykki á, að leigumáli sá, er gjörður var með samningi frá 13. apríl 1872[1] við Alfred G. Lock frá Lundúnum á brennisteinsnámum landsjóðsins í Þingeyjarsýslu, hefir verið seldur ensku fjelagi »The North of Iceland Sulphur Company» í Lundúnum. **56** 27. febr.

---

1) Auglýsing þessi og lög þau fyrir Danmörk frá 24. marz 1875, er hún styðst við, eru prentuð í hinum dönsku lagatíðindum 1875 Nr. 22 og Nr. 74. Í hinni tilvitnuðu grein er alveg bannað að flytja sumar vörur í skipum, sem ætluð eru farþegum; en um aðrar vörur svo sem púður, brennisteinssýru, saltpjetursýru, steinoliu, terpentín og kamfín eru settar ýmsar varúðar reglur einkum um sjerstök vatnsþjett hólf handa slíkum vörum.

2) Sjá „Tíðindi um stjórnarmálefni“ III. bls. 459—463.